



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Fjarðabyggð, 19. júní 2024
Tilvísun 2406060/13.0

Umsögn Fjarðabyggðar vegna mats á Hamarsvirkjun í fimmta áfanga rammaáætlunar.

Með vísan til samráðs umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um mál nr. 114/2024, drög að flokkun fimm virkjanakosta í fimmta áfanga rammaáætlunar. Meðal þeirra fimm virkjanakosta sem samráð ráðuneytisins nær til er Hamarsvirkjun (R41158A) í Hamarsdal í Múlaþingi.

Tillaga verkefnisstjórnar er að Hamarsvirkjun verði í verndarflokki. Rökstuðningur verkefnastjórnar byggir á mati fjögurra faghópa sem meta virkjanakosti og landsvæði út frá mismunandi þáttum.

Afstaða Fjarðabyggðar til málsins mótast af mikilvægi orkuöryggis og tryggu aðgengi að orku á Austurlandi en atvinnulíf á svæðinu og almenningur líða fyrir að ekki sé til næg orka til uppbyggingar á nýjum atvinnutækifærum sem tengjast orkuskiptum ásamt rekstri sem fyrir er í fjórðungnum. Það er því mikilvægt að fjölga virkjunarkostum á Austurlandi til framtíðar lítið enda ljóst miðað við orkuspár að eftirspurn og þörf fyrir græna orku fer hratt vaxandi á sama tíma og hættu á notkun á jarðefnaeldsneyti til að mæta skuldbindingum Íslands í loftlagsmálum. Sem dæmi þá nota sjávarútvegsfyrirtæki í Fjarðabyggð um 120 þúsund lítra af olíu á hverjum þeim degi sem mjól- og lýsisiðnaður er starfræktur með auknum kostnaði og neikvæðum umhverfisáhrifum þegar skortur er á skerðanlegri orku. Til lengri tíma lítið þá munu fiskimjölsverksmiðjur ekki geta brugðist við með þessum hætti og nauðsynlegt að til staðar verði orka til að nýta við þá mikilvægu framleiðslu.

Vert er að benda á að Hamarsvirkjun aflar töluverðs magns af stýranlegri orku með mikinn fyrirsjáanleika í rekstri. Með tilkomu vindorku og rennslisvirkjana mun þurfa á þeim þáttum að halda til að styðja við reglubundna orkumiðlun sér í lagi með tilkomu annarra framtíðaráforma um virkjun sveiflukenndrar orku eins og birtuorku, sjávarfallaorku og ölduorku. Með tilkomu Hamarsvirkjunar aukast möguleikar á reiðuafli og í jöfnunarorku-framleiðslu auk þess sem orkuöryggi eykst mikið sem mætir sveiflum í öðrum orkugjöfum. Virkjunin liggur vel við tengingu við dreifikerfi Landsnets og eykur raforkuöryggi svæðisins.



Hamarsvirkjun treystir mjög orkukerfið í heild þegar krefjandi og erfiðar aðstæður myndast í kerfinu vegna veðurfarslegra eða náttúrulegra aðstæðna. Í því sambandi er mikilvægt að horfa til heildarhagsmuna og öryggis landsins alls til orkuöflunar utan gosbelta og áhrifasvæða þeirra en nýlegir atburðir á Suðurnesjum sýna fram á mikilvægi þess að orkuöflun sé fjölbreytt og trygg við ólíkar sviðsmyndir af áhættum.

Bent er á stefnu í orkuskiptum bíla- og skipaflota en ekki er næg orka í fjórðungnum til þeirra en landtenging skipa í höfnum bíður en knýjandi þörf er vegna skemmtiferðaskipa sem sækja fjórðunginn heima auk flutningaskipa og fiskiskipa. Hamarsvirkjunar sem virkjanakostur er mikilvægur þáttur í að settum markmiðum í þessum efnunum verði náð.

Mat á áhrifum Hamarsvirkjunar sem virkjanakosts á ferðaþjónustu, útivist, landbúnað, náttúru, menningarminjar, landslag og víðerni er mjög neikvætt með hliðsjón af öðrum þeim virkjanakostum sem eru til skoðunar í fimmta áfanga. Í tillögum verkefnastjórnar er mat á verðmæti náttúru hátt sem leitt er að jöfnu að hafi mjög neikvæð áhrif á ferðaþjónustu, útivist og landbúnað sem hafa jákvæð áhrif á bætt aðgengi en lítið er vikið að í niðurstöðum verkefnahóps. Rétt er að minnast á að í nálægð við áhrifasvæði Hamarsvirkjunar eru Hraunaveita og Ódáðavötn sem eru hluti af vatnsaflssvæði Kárahnjúkavirkjunar og Grímsárvirkjunar og því þegar raskað land.

Þá eru virkjanaáformin metin neikvæð hvað varðar samheldni samfélags sem er verulega ólík mati annarra virkjanakosta í fimmta áfanga ásamt því að bætt orkuöryggi er talið nokkuð jákvætt þegar það ætti að vera metið verulega jákvætt. Vert er að geta þess að ekki er um ágreining við landeigendur að ræða þar sem þegar er búið að semja við þá um leigu á vatnsréttindum og landnotkun.

Fjarðabyggð leggst alfarið gegn því að jafn mikilvægur og hlutfallslega stór virkjanakostur sem Hamarsvirkjun er verði felld í verndarflokk þegar jafn brýn þörf er fyrir orku á svæðinu og um mikilvægan innvið að ræða til að tryggja orkuöryggi landsins.

Gunnar Jónsson
Bæjarritari

